

REGLUGERÐ

um nefnd um kjararannsóknir opinberra starfsmanna.

1. gr.

Nefnd um kjararannsóknir opinberra starfsmanna starfar í þeim tilgangi að safna saman og miðla upplýsingum um kjör starfsmanna hjá opinberum aðilum, kjör annarra launþega og þróun launa og kjaramála almennt til þeirra sem að nefndinni standa, sbr. 4. gr.

2. gr.

Nefndin aflar upplýsinga um kjör, sbr. 1. gr. sem hér segir:

1. Með söfnun, skipulagningu og skráningu upplýsinga um laun og önnur kjaraatriði opinberra starfsmanna, sem aðilar að nefndinni leggja henni til.
2. Með öflun og skipulegri skráningu upplýsinga frá öðrum aðilum, sem stunda reglubundnar kjararannsóknir.
3. Með gerð sérstakra athugana, sem aðilar að nefndinni ákveða hverju sinni.

3. gr.

Nefndin miðlar upplýsingum til þeirra opinberu vinnuveitenda, sem láta nefndinni í té upplýsingar og stéttarfélag starfsmanna þeirra með reglulegum skýrslum og sérstökum skýrslum eftir því sem við á.

Allar upplýsingar, sem safnað er eða unnar eru á vegum nefndarinnar, aðrar en þær sem nefndin birtir, sbr. fyrri málsgrein, eru trúnaðarmál og er einstökum aðilum að nefndinni óheimilt að notfæra sér þær eða birta án samþykkis allra nefndarmanna.

4. gr.

Nefndin er skipuð 10 fulltrúum. Tveir fulltrúar vinnuveitenda eru tilnefndir af fjármálaráðherra, einn af launanevnd sveitarfélaga, einn af Reykjavíkurborg og einn úr hópi forsvarsmanna sjálfseignarstofnana samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Þrjú fulltrúar launþega skulu tilnefndir af BSRB, einn af BHMR og einn af KÍ. Nefndin skiptir með sér verkum og ákveður sér framkvæmdastjórn.

5. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, m.a. um starfssvið og starfshætti, og ákveður nánar með hvaða hætti hún hagar störfum að verkefnum skv. 1.-3. grein. Nefndin skal kosta kapps um að skapa einhug um lausn þeirra verkefna sem henni eru falin. Ákvarðanir um verkefni og birtingu á niðurstöðum verða ekki teknar með afli atkvæða.

6. gr.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum. Nefndin ræður sér sjálf starfsmenn.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 94 31. desember 1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Indriði H. Þorláksson.